

Föstudaginn 30. apríl 1943.

Nr. 6/1943. **Guðmundur H. Þórðarson**
 gegn
Sigurjóni Jónssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. apríl 1943.

Nr. 12/1943. **Stefán Pétursson**
 gegn
Konráði Gíslasyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Stefán Pétursson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. maí 1943.

Nr. 52/1942. **Réttvísir** (Gústaf A. Sveinsson)
 gegn

Aðalsteini Ingimundarsyni
 (Guðmundur Í. Guðmundsson).

Brot gegn 199. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur hæstaréttar.

Ekki þykir fullyrðandi gegn staðhæfingu ákærða, að hann hafi gert sér grein fyrir því, að stúlkan hafi verið

sofandi, er hann hóf samfarir við hana, og verður ákærði því ekki sakfelldur eftir 195. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar hlaut ákærða samkvæmt þeim aðstæðum, sem í héraðsdómi greinir, að vera það ljóst, að stúlkan áleit sig hafa samfarir við mann þann, sem hún gekk til sængur með. Er því brot ákærða réttilega heimfært undir 199. gr. almennra hegningarlaga, og ber að staðfesta héraðsdóminn með ofangreindri athugasemd, þó þannig, að refsing ákærða verði 5 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að refsing ákærða, Aðalsteins Ingimundarsonar, verði 5 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Gústafs A. Sveinssonar og Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 16. apríl 1942.

Ár 1942, fimmtudaginn 16. apríl, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni saka-dómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 376/1942: Réttvisin gegn Aðalsteini Ingimundarsyni, sem tekið var til dóms hinn 3. fyrri mánaðar.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Aðalsteini Ingimundarsyni verkstjóra, til heimilis á Njálsgötu 33 B hér í bæ, fyrir brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febr. 1940. Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. september 1907, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:
 1934 $1\frac{1}{2}$ Sátt: 5 kr. sekt fyrir brot á 43. gr. lögr.samb. Rvíkur.
 1934 $1\frac{1}{2}$ Sátt: 20 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
 1938 $2\frac{1}{2}$ Sátt: 30 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.

1938 $\frac{3}{4}$ Sátt: 10 kr. sekt fyrir of hraðan bifreiðarakstur.

1939 $\frac{17}{4}$ Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1939 $\frac{7}{8}$ Sátt: 40 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Ákærður hefur herbergi á leigu í húsinu nr. 33 B við Njálsgötu. Tvo síðustu mánuði fyrra árs leifði hann kunningja sínum, Ólafi Stefánssyni bifreiðarstjóra, að sofa í herberginu, og þegar þeir voru báðir heima, sváfu þeir saman í rúmi ákærðs, en rúmið er að innanmáli 190×85 cm og stendur upp við vegg. Á þessum tíma var ákærður við vinnu austur í Kaldaðarnesi og var því lítið heima, og svaf þá Ólafur einn í rúminu. Auk þeirra bjó í herberginu Jón Metúsalemsson verkamaður og svaf á legubekk.

Ólafur Stefánsson bifreiðarstjóri skildi að samvistum við eiginkonu sína um mánaðamót október og nóvember síðastliðinn, án þess þó að skilnaður væri fenginn. Síðastliðin 2—3 ár hefur hann þekkt Vilhelminu Lovísu Davíðsdóttur verksmiðjustúlku, Vatnsstíg 9 hér í bænum, og tóku þau að hafa holdlegar samfarir saman nokkrum mánuðum fyrir síðastliðin áramót. Á þeim tíma, er hér skiptir máli, voru þau heitbundin hvort öðru, en þó ekki opinberlega. Stundum, þegar ákærður var ekki heima, sváfu þau saman í rúmi hans á Njálsgötu 33 B.

Ákærður vissi ekki, að þau Ólafur og Vilhelminu væru trúlofuð, en vissi, að þau voru mikið saman og að þau höfðu oft verið saman heima hjá honum, þegar hann var ekki heima. Man ákærður, að hann hefur í ca. tvö skipti komið í herbergið síðla kvölds, og hafa þau þá bæði verið í rúminu, en í bæði skiptin klæddi stúlkan sig og fór burtu. Þessi not þeirra af rúminu hefur ákærður látið afskiptalaus og hvorki leyft þau né bannað. Þau ákærður og Vilhelminu þekktust ekki fyrr en ákærður og Ólafur tóku að búa saman. Eftir það sáust þau oft, og kom ákærður jafnan fram af góðvild og kurteisi við Vilhelminu. Vissi ákærður ekkert lauslæti um hana eða, að hún hefði samband við aðra karlmenn en Ólaf.

Hinn 30. desember s. l. kom ákærður hingað til bæjarins og ætlaði að verða hér fram yfir nýjárið. Á gamlárskvöld var hann framan af kvöldinu með enskum hermönnum, kunningjum sínum, en fór síðan á dansleik. Ekki minntist hann á við Ólaf, hvenær hann mundi koma heim af dansleiknum, enda var Ólafur ekki heima, þegar ákærður afréð að fara þangað. Hermennirnir gáfu ákærðum vín, svo að hann komst nokkuð undir áhrif þess, og á dansleiknum drakk hann öl, svo að áhrifin héldust.

Ólafur vissi, að ákærður fór á dansleikinn, og taldi, að hann mundi ekki koma heim um nóttina, og heldur hann því fram, að ákærður hafi oft ekki komið heim fyrr en daginn eftir, þegar hann fór á dansskemmtanir. Ákváðu Ólafur og Vilhelminu því að sofa í rúmi ákærðs þessa nótt. Þau komu í herbergið um kl. 2 um nóttina. Þar

var þá fyrir enskur maður, sem ákærður og Ólafur þekktu báðir, að biða eftir ákærðum. Maður þessi var með áfengi, og drakk Ólafur lítulsháttar af því með honum, og Vilhelmina bragðaði aðeins á því, en hvorugt þeirra kveðst hafa fundið á sér áhrif af því. Um kl. 3 um nóttina fór hinn enski maður, og háttuðu þau þá í rúmið. Ólafur lá frammi við stokkinn, en Vilhelmina fyrir ofan hann, og var hún klædd skyrtubol og undirkjól, en buxnalaus. Þau sofnuðu brátt, en höfðu áður dregið fyrir herbergisgluggann, og var því algert myrkur í herberginu.

Sennilega klukkan að ganga 5 um nóttina kom ákærður af dansleiknum heim í herbergið, eitthvað undir áhrifum áfengis. Hann kveikti ljós í herberginu, þegar hann kom inn, og sá þá, að Ólafur og Vilhelmina lágu bæði sofandi í rúminu. Vilhelmina lá á bakið, en Ólafur á hliðinni og sneri að henni og hafði lagt annan handlegginn yfir hana. Ákærður reyndi að vekja Ólaf og hristi hann til, en hann vaknaði ekki. Vilhelminu reyndi ákærður ekki að vekja. Ákærður ákvað nú að háttu í rúmið, en það kveðst hann aldrei mundu hafa gert, ef hann hefði ekki verið undir áhrifum áfengis. Hann afklæddi sig, svo að hann var einungis í ermalausum nærskyrtubol og stuttum nærbuxum, slökkti ljósið og smeygði sér upp í rúmið fyrir ofan stúlkuna. Þar gat hann vegna þrengslanna ekki legið nema á hliðinni og lá nánast á rumbrikinni, og sneri hann sér að stúlkunni. Ofan á Ólafi og Vilhelminu var yfirsæng og teppi þar ofan á. Ákærður hafði teppið ofan á sér og reyndi að komast undir yfirsængina, en hann minnir, að það hafi ekki tekizt.

Klukkan langt gengin 5 um nóttina, eða skömmu eftir að ákærður kom heim, kom Jón Metúsalemsson af dansleik heim í herbergið. Hann kveikti ljós í herberginu og sá þau þrjú, er í rúminu voru. Ólafur lá fremst og sneri fram í rúminu. Vilhelmina í miðið og lá á bakið, og sváfu þau bæði, en ákærður efst á hliðinni, sneri sér að stúlkunni og var vakandi. Jón sá ekki vín á ákærðum og minnir, að ákærður talaði ekkert við sig annað en að hann bað Jón um að slökkva ljósið. Það gerði Jón um leið og hann háttuði. Hann sá, að teppið náði yfir ákærðan, en tók ekki eftir, hvort sængin gerði það. Meðan hann sá til, lét ákærði stúlkuna afskiptalaus, og eftir að Jón slökkti ljósið og lagðist út af, varð hann ekki var við, að ákærður hefðist neitt að gagnvart stúlkunni. Jón sofnaði brátt, eftir að hann lagðist fyrir.

Þegar Jón var sofnaður, var ástandið þannig í herberginu, að hann, Ólafur og Vilhelmina sváfu öll, en ákærður vakti, og í herberginu var almyrkt. Óvist er, hvað klukkan var um nóttina, en það hefur sennilega verið skömmu eftir að Jón sofnaði, þegar atburður sá, sem nú verður lýst, gerðist. Hefur hver þeirra, er í herberginu voru, sína sögu að segja um atburðinn, og skulu þær frásagnir nú raktar.

Vilhelmina Lovísa skýrir svo frá, að hún hafi losað svefninn við það, að hún fann, að maður var kominn ofan á hana og farinn að hafa samfarir við hana. Hún taldi fyrst, að þetta væri Ólafur, og kveðst fúslega mundu hafa leyft honum samfarir við sig. Hún fálmaði nú um höfuð mannsins og fann, að hann var sköllóttur, og um leið fann hún til Ólafs í rúminu við hliðina á sér. Varð henni þá ljóst, að það var ekki Ólafur, sem farinn var að hafa samfarir við hana, og varð hún strax viss um, að það væri ákærður. Hún kveður það hafa gerzt í einni svipan, að hún varð mannsins vör ofan á sér og hún fékk vitneskju um, að það var ekki Ólafur. Um leið og hún fékk þessa vitneskju, varð hún ofsalega hrædd, hljóðaði upp yfir sig og brautz undan ákærðum, sem hélt um báðir axlir hennar, án þess þó að beita afli. Hún stökk fram á gólfið og kveðst þá hafa verið viti sínu fjær af hræðslu. Ólafur vaknaði einnig og fór fram á gólf og kveikti ljós. Henni tókst brátt að gera honum skiljanlegt, hvað gerzt hafði. Hún sá nú, að ákærður lá efst í rúminu og sneri til veggjar, og segir hún hann hafa látizt sofa. Nokkru síðar fór hún burt úr herberginu í fylgd með Ólafi, en þá var hún að þeirra beggja sögn svo taugaóstyrk, að hún gat ekki gengið heim, og orðu þau þess vegna að aka í bifreið. Hún kveðst hafa verið svo tryllt af geðshræringu, meðan hún var í herberginu, eftir að hún fór úr rúminu, að hún muni ekki, hvað hún þá sagði. Hins vegar kveðst hún muna, að Ólafur vakti ákærðan óþyrmilega, en ákærður þóttist ekkert um atburðinn vita. Síðan sagði hann við Vilhelminu, að ef hann hefði gert henni eitthvað, bæði hann hana fyrirgefningar, en hún sagðist ekki fyrirgefa honum.

Þegar Vilhelmina vaknaði til fulls, var henni ljóst, að getnaðarlimur ákærðs var inni í getnaðarfærum hennar, en ekki getur hún um það sagt, hvort honum varð sáðfall. Frekar telur hún, að svo hafi ekki verið. Ekki varð stúlkan fyrir neinum meiðslum við atburð þenna, en hún kveðst hafa orðið fyrir taugaáfalli, og verður nánar að því atriði vikið síðar. Sannað er, að hún varð ekki þunguð við samfarir þessar.

Ákærður skýrir svo frá:

Þegar hann slökkti ljósið, vissi hann ekki annað en að stúlkan svæfi. Hann lagðist á hliðina og sneri að henni. Þá sneri hún, sem hafði legið á bakinu, sér að honum og lagði annan handlegginn yfir hann. Hann klemmdi sig þá upp að henni, og setti hún, sem var ber upp fyrir mitti, þá vinstra lærið yfir hann, og datt honum í þessum svifum í hug að hafa samfarir við hana. Hann bar nú getnaðarlim sinn að kynfærum hennar og tókst strax að koma honum inn í þau. Honum þótti þetta óþægilegar stellingar og ýtti litið eitt við henni, og lagðist hún þá sjálfkrafa á bakið. Fór hann þá þegar ofan á hana og tók að hafa við hana samfarir. Þær stóðu lengi yfir, og lyfti stúlkan sér upp gegn ákærðum með eðlilegum hætti. Meðan

á samförunum stóð, kyssti ákærður hana laust á munninn. Ekki getur hann gert sér grein fyrir, hvort hún kyssti á móti, en heldur frekar, að hún hafi ekki gert það. Honum varð ekki sáðfall, og eftir að hann hafði lengi framið samræðishreyfingar á stúlkunni, varð hann þreyttur. Hann spurði hana þá, „hvort hún væri búin“, en því svaraði hún engu. Eftir það hélt hann eitthvað áfram samræðishreyfingum og sofnaði síðan, en honum er óljóst, hvort hann sofnaði ofan á henni eða við hlið hennar. Hann vaknaði svo við, að hann fékk bylmingshögg í höfuðið, og telur hann Ólaf hafa greitt sér það. Voru þá bæði Vilhelmina og Ólafur komin fram úr rúminu, og var Ólafur mjög æstur og sagði, að ákærður hefði nauðgað stúlkunni, en því bar ákærður á móti. Meðan ákærður átti mökin við stúlkuna, sagði hún ekkert og framkvæmdi engar hreyfingar aðrar en þær, er tilheyrðu samförunum, en einungis af þeim hreyfingum ályktaði ákærður, að hún væri vakandi, en það áleit hann hana vera allan þann tíma, er mök þeirra stóðu yfir. Þá neitar ákærður að hafa orðið var við, að stúlkan brytist undan sér. Hann minnst þess ekki, að stúlkan fálmaði um hann, né heldur man hann, hvernig hún hafði handleggina, meðan samfarirnar fóru fram. Ákærða minnir, að hann segði við stúlkuna í herberginu, eftir að hann vaknaði, að ef hann hefði gert henni eitthvað, þá bæði hann hana fyrirgefningar á því. Ekki kveðst ákærður hafa orðið var við, að Ólafur reyndi að vekja sig fyrr en hann fékk höfuðhöggið.

Frá þessum framburðum hafa ákærður og stúlkan ekki hvikað, og skal þess sérstaklega getið, að stúlkan fullyrðir, að hafa ekki orðið vör við, að ákærður væri farinn að hafa mök við sig fyrr en rétt í því, að hún þaut fram úr rúminu, og segir hún frásögn ákærðs um tilburði hennar gagnvart honum í rúminu vera ósanna með öllu. Neitar hún eindregið að hafa með sinum vilja eða vitund haft nokkur holdleg mök við ákærðan.

Ólafur skýrir svo frá, að hann hafi vaknað við, að stúlkan þreif í hann, háhljóðaði og hentist um leið hágrátandi fram úr rúminu. Hann áttaði sig ekki strax á, hvað hefði gerzt, en stúlkan sagði honum, að hún hefði vaknað við, að ákærður var kominn ofan á hana og farinn að hafa samfarir við hana. Ólafur kveikti strax ljós og sá, að ákærður lá efst í rúminu og sneri sér til veggjar. Hann talaði nú tvisvar eða þrisvar til ákærðs til að vekja hann, en árangurslaust. Síðan sló hann ákærðan tvisvar eða þrisvar í búkinn, en hann bærði ekki á sér. Þóttist Ólafur þess þá fullviss, að ákærður væri vakandi, en þættist sofa, og sló hann því hnefahögg í andlitið. Ákærður velti sér þá á hina hliðina og spurði, hvað gengi á, og spurði Ólafur hann þá, hvort hann væri sá „djöfuls óþverri“ að ætla að nauðga stúlkunni. Þá spurði ákærður, hvað gengi á, og sagðist nú fara að verða vondur og spurði síðan, hvað hann hefði gert. Sagði þá stúlkan, sem sat í sófa í herberginu grátandi, að hún vildi ekki tala

við hann og fyrirhliti hann. Svaraði ákærður því svo, að ef hann hefði gert henni eitthvað, bæði hann hana fyrirgefningar. Sagði þá stúlkan hágrátandi: „Ef þú hefur gert eitthvað“, og sagði aftur, að hún fyrirhliti hann og vildi ekki tala við hann. Eftir þetta fór fram eitthvert samtál milli ákærðs og Ólafs, en ekki kannaðist ákærður við að hafa gert stúlkunni neitt og var gramur yfir þessu upphöti. Ólafur ætlaði að fylgja stúlkunni gangandi heim, en það var ekki unnt vegna vanmáttar hennar. Símaði Ólafur þá eftir lögreglubífi, sem kom á staðinn og ók stúlkunni heim.

Um atburð þenna hefur Jón Metúsalemsson borið þetta:

Hann vaknaði við, að þau Ólafur og Vilhelmina hlupu fram úr rúminu, en ekki tók hann eftir, hvort þeirra var á undan. Stúlkan var grátandi með þungum ekka. Þau fóru bæði í sófa, sem var í herberginu, og reyndi Ólafur þar að hugga stúlkuna og róa. Jón vissi ekki, hvað komið hafði fyrir, og heyrði ekki annað en að stúlkan sagðist hata ákærðan og að hún hefði ekki trúað því, að hann væri svo svínslegur. Ólafur vildi láta hana segja sér nánar um það, sem hafði komið fyrir, en fékk ekkert upp úr henni lengi vel, og var líkast því, að hún væri tryllt. Sagðist Ólafur þá verða að kalla á lögregluna, en það vildi hún ekki. Hún klæddi sig síðan, og fóru þau Ólafur út, en komu fljótlega inn aftur, og treysti Ólafur sér ekki til að fara með hana heim, því að hún gat ekki gengið sökum geðshræringar. Áður en Ólafur fór út úr herberginu með stúlkunni, vakti hann ákærðan, sem svaf eða þóttist sofa. Sagði Ólafur eitthvað á þá leið við ákærðan, að hann hefði ætlað að nauðga stúlkunni. Ákærður bar það af sér, og varð úr þessu orðasenna milli þeirra.

Í lögregluréttinum 12. janúar s. l. báru bæði Ólafur og Vilhelmina, að hún hefði legið fyrir daginn eftir atburð þenna, og er það óvæfengt. Einnig báru þau, að hún hefði ekki náð sér eftir atburðinn, og væru eftirköstin hjartsláttur og titringur, sem hún hefði ekki orðið vör við fyrir atburðinn.

Hinn 17. janúar rannsakaði Jóhann Sæmundsson læknir stúlkuna, og hefur hann sama dag gefið um hana svofellt vottorð:

„Ég hef í dag rannsakað Vilhelminu L. Davíðsdóttur, Vatns-tíg 9.

Hún kvartar um, að hún fái oft sting í hjartastað, sé hrædd og titrandi, eigi bágð með svefn, kveðst hrökkva upp með hræðslu á kvöldin. Hún kveðst ekki hafa orðið vör neinna slíkra einkenna fyrr en um áramót, að hún varð fyrir andlegum áverka. Hefur þó ekki leitað læknis.

Skoðun: Hún er eðlileg í tali. Ekki æst. Svarar greiðlega því, sem um er spurt. Engin stækkun á skjaldkirtli eða einkenni frá augum, er bent gætu á Basedowssjúkdóm. Hjarta: Tónar hreinir, en tíðir, 112 slög á mínútu, en alveg regluleg. Finn titringur í fingrum. Blóðþrýstingur 130/85 (eðlilegur).

Ályktun: Það, sem finnst athugavert, er nervös einkenni, og tíðkast slík einkenni eftir andlega áverka eða geðshræringar. Batahorfur mega teljast mjög góðar.“

Hinn 12. febrúar rannsakaði sami læknir stúlkuna að tilhlutun rannsóknardómarans og gaf samdægurs um hana svofellt vottorð: „Samkvæmt beiðni yðar hef ég í dag rannsakað að nýju frk. Vilhelminu L. Davíðsdóttur, Vatnssíg 9.

Kvartanir hennar nú eru þessar: Óeðlileg viðbrigði, þ. e. hrekkur við og titrar af smámunum, fær óþægindi fyrir hjarta, aðallega hjartslátt og stingverk. Hrökk áður upp með andfælum um nætur, en á því ber eigi lengur, og svefn er nú góður. Hún stundar vinnu sína. Melting er í lagi og tíðir reglulegar. Síðast voru þær ca. 14.—15. janúar. Hún kveðst áður hafa verið meyrlynd, en ekki taugaveikluð.

Skoðun: Aukin viðbrigði í taugakerfi, en engin einkenni um bilanir. Hún hefur fremur hraðan púls, um 100 slög á mínútu. Hjartastarfsemin er að öðru leyti alveg regluleg. Blóðþrýstingur er nú 135/90 (eðlilegur). Hún kemst í geðshræringu, þegar minnst er á atvik það, er gefur tilefni til skoðunarinnar.

Ályktun: Konan hefur einkenni um aukid tauganæmi, er lýsir sér í einkennum frá hjarta og blóðrás, án þess þó, að nokkrar bilanir séu finnanlegar. Eigi verður talið líklegt, að þessi einkenni verði langæ, en vísasti vegurinn til þess, að þau batni, er að binda sem skjótaskan enda á mál það, er hún mun eiga í, því að upprifjanir á málsvikum vekja hjá henni geðshræringar, er örva taugakerfið yfirleitt og valda henni ofangreindum sjúkdómseinkennum.

P.S. Ekkert bendir til, að konan sé ófrisk, og telja má útilokað, að hún hafi orðið það um áramót.“

Þegar ákærður lagðist við hlið stúlkunnar í rúminu, var honum ljóst, að hún svaf og að elskhugi hennar svaf við hlið hennar. Ekkert hefur komið fram um, að hún hafi áður gefið ákærðum ástæðu til að ætla, að hún væri viljug til ástaratlota við hann. Sannað telst, að stúlkan hafi þotið úr rúminu í mjög mikilli geðshræringu, og styrkir það svo mjög frásögn hennar um, að hún hafi verið sofandi, þar til rétt í þann mund, er henni varð ljóst, að annar en elskhugi hennar væri að hafa samfarir við hana, að telja verður frásögnina sanna. Af þessu leiðir, að bæði er útilokað, að ákærður hafi ekki orðið þess var, er stúlkan þaut frá honum úr rúminu, og að hann hafi verið sofandi, þegar Ólafur reyndi að vekja hann. Stúlkan neitar réttmæti þess framburðar ákærðs, að hún hafi lagt handlegg og læri yfir ákærðan, en þá tilburði hennar segir hann hafa æst sig mjög til samfaranna og gefið sér ásamt öðrum hreyfingum stúlkunnar í atlotum þeirra ástæðu til að ætla, að hún væri vakandi. Þar á móti kemur að visu, að hún sagði ekkert og svaraði ekki spurningu, og að hún, eftir því sem ákærður man bezt, kyssti ákærðan ekki á móti, þegar hann kyssti hana á munninn. En þar sem stúlkan

hafði eigi vökuvitund og hugsanlegt er, að hún hafi hreyft sig eitthvað, án þess hún vissi af eða muni eftirá, og samkvæmt reglunni in dubio pro reo þykir eigi fært að slá því föstu gegn staðhæfingu ákærðs, sem var vakandi, að neitun stúlkunnar um atlotin sé objectívt rétt. Þykir bera að leggja frásögn ákærðs um þessi atriði til grundvallar. En hvort sem ákærður hefur talið stúlkuna framkvæma þessar hreyfingar í vöku eða svefnmóki, en hið síðarnefnda hafði eftir öllum atvikum málsins legið næst fyrir hann að álíta, hlaut honum að vera ljóst, að hún var í villu um, hver það væri, sem hún sýndi atlotin. Hlaut honum að vera ljóst, að hún hálfsofandi í svartamyrkri og vitandi af elskhuga sínum við hlið sér ætlaði elskhuganum atlot sin, en ekki ákærðum. Með því að færa sér þessa villu í nyt og taka að hafa samfarir við stúlkuna telur rétturinn, að ákærður hafi brotið 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Þá þykir samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna bera að svipta ákærðan kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 150.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Aðalsteinn Ingimundarson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærður er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 150.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.